

# 1 **Innanríkismál**

2 Viðreisn stendur fyrir frjálst og neytendavænt þjóðfélag. Mikilvægt er að fólki sé frjálst að búa og  
3 starfa þar sem það kys. Hið opinbera á ekki að standa í vegi fyrir fólki heldur greiða því veginn.  
4 Neytendur skulu ávallt vera í forgrunni.

- 5 • **Tryggjum eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum**
- 6 • **Kröftug sveitarfélög með þjónustu nær íbúum**
- 7 • **Neytendur í öndvegi**
- 8 • **Innviðafjárfesting í forgangi**
- 9 • **Fólk af erlendum uppruna auðgar íslenskt samfélag og atvinnulíf**
- 10 • **Mannréttindi eru grundvöllur fjölbreytts mannlífs**
- 11 • **Greiðum fólki leið að húsnæði**

12 *Landsþing 11. febrúar 2023*

## 13 **Tryggjum eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum**

14 Viðreisn styður að gerðar verði verulegar endurbætur á stjórnarskránni í sátt þings og þjóðar.  
15 Stjórnarskrá skal tryggja eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum til framtíðar. Rétti til  
16 auðlindanýtingar skal ráðstafað með sanngjörnum hætti og tímabundin afnot skulu ráðast af  
17 markaðsverði.

## 18 **Kröftug sveitarfélög með þjónustu nær íbúum**

19 Í frjálslýndu samfélagi þarf fólk að hafa raunhæfa valkosti um hvar það býr sér heimili, án þess  
20 að vera mismunað eftir búsetu. Efling allra landsbyggðarkjarna með öflugum innviðum gerir  
21 sveitarfélögum kleift að laða til sín íbúa og atvinnuskapandi fyrirtæki. Með því að jafna tækifæri  
22 allra landsmanna til atvinnu og þjónustu er stuðlað að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.

23 Viðreisn styður sameiningu og stækkun sveitarfélaga með það fyrir augum að draga úr  
24 yfirbyggingu og efla nærþjónustu á hagkvæman hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að fela  
25 þeim fleiri verkefni sem nú er sinnt af ríkisvaldinu, enda sé það íbúum í hag. Styrkja þarf  
26 tekjugrunn sveitarfélaganna og tryggja að fjármagn fylgi tilfærslu verkefna. Auka á aðkomu  
27 þeirra að lykilákvörðunum um uppbyggingu í heimabyggð ásamt því að veita hærri styrki til  
28 nýsköpunar, menningarstarfs og þróunar á landsbyggðinni. Með aukinni hlutdeild sveitarfélaga í  
29 þjónustu við íbúa er valdi hins opinbera dreift víðar um landið og nær íbúunum sjálfum.

30 Hvítbók í byggðamálum gerir góða grein fyrir því hvað þurfi að gera til að snúa við neikvæðri  
31 byggðapróun á Íslandi. Viðreisn vill forgangsraða þeim verkefnum í nánu samstarfi við  
32 hagsmunaaðila hvað fjármögnun og framkvæmd varðar.

### 33 **Neytendur í öndvegi**

34 Frjáls samkeppni er best til þess fallin að tryggja neytendum fjölbreytt úrval vöru, góða þjónustu  
35 og sanngjarnt verð. Full aðild að Evrópusambandinu hefur í för með sér aukið vöruúrval og  
36 lækkun vöruverðs með afnámi tolla. Ríkið á ekki að starfa á smásölumarkaði, s.s.  
37 áfengismarkaði og sölu á þjónustu, eða að vörudreifingu. Samkeppnislög skulu taka til allra  
38 atvinnugreina. Einu afskipti ríkisins af samkeppnismarkaði ættu að vera virkt samkeppniseftirlit  
39 og öflug neytendavernd.

40 Stofnanir ríkisins eiga að þjónusta almenning. Það er almenningur sem nýtur þeirrar þjónustu  
41 sem hið opinbera veitir og því á kerfið að starfa fyrir almenning en ekki í þágu stofnananna  
42 sjálfra. Áfram skal haldið í að þróa rafrænar lausnir í þjónustu hins opinbera.

### 43 **Innviðafjárfesting í forgangi**

44 Nútíma- og tæknivæðing innviða í þágu samfélags, umhverfis og öryggis þarf að verða  
45 forgangsmál nú og í náinni framtíð. Í öllum byggðum skal vera aðgengi að öflugri nettengingu.  
46 Ráðast þarf í stóratök með fjárfestingum í dreifikerfi rafmagns. Hraða þarf þrífösun rafmagns í  
47 dreifbýli sem er forsenda margvíslegrar atvinnusköpunar og notkun öflugs rafbúnaðar og  
48 orkuskipta í sveitum. Þá ber að fjárfesta vel í samgöngukerfinu öllu, þ.m.t. höfnum og  
49 flugvöllum. Horfa ber til aðkomu einkaframtaksins í slíkum fjárfestingum og útgáfu grænna  
50 skuldabréfa í verkefnum sem stuðla að vistvænum samgöngum. Meta skal þjóðhagslega  
51 hagkvæmni innviðafjárfestinga og skulu allar stórar innviðaframkvæmdir ráðast af  
52 félagshagfræðilegu mati auk áætlunar um fjármögnun og rekstur fjárfestinganna. Skynsamlegt  
53 er að ríkið leggi áherslu á stærri framkvæmdir þegar niðursveifla er í hagkerfinu. Svo það sé  
54 mögulegt þarf undirbúningi stærri verkefna að vera lokið svo ráðast megi í þau með stuttum  
55 fyrirvara þegar það er þjóðhagslega hagkvæmast.

56 Einfalda þarf stjórnábyrginguna og straumlínulaga hana í málefnum innviða. Viðreisn styður beina  
57 gjaldtöku af vegamannvirkjum til að kosta framkvæmdir eða til að stýra álagi með s.k.  
58 flýttigjöldum. Valfrælsi skal vera forsenda gjaldtöku, þannig að það sé valkostur að greiða gjaldið  
59 ekki. Í tilfelli flýttigjalda þarf að standa til boða annar raunhæfur samgöngukostur, svo sem

60 almenningssamgöngur af nægjanlegum gæðum. Hraða þarf orkuskiptum í samgöngum og ekki  
61 einskorða þau við bíla, heldur einnig skipa- og flugvélaflota landsins.

62 Ákveða þarf og ráðast í framkvæmdir vegna nýrra lausna á flugsamgöngum til og frá  
63 höfuðborgarsvæðinu. Borgarlína og þjóðvegastokkar á höfuðborgarsvæðinu, ásamt aðskilnaði  
64 akstursstefna á þjóðvegum við höfuðborgarsvæðið, verði sett í forgang. Taka þarf frárennismál  
65 þ.m.t. skolpmál landsins föstum tókum til að uppfylla þau lög og reglur sem um þær gilda.

## 66 **Fólk af erlendum uppruna auðgar íslenskt samfélag og atvinnulíf**

67 Viðreisn vill byggja upp fjölbjóðlegt og opið samfélag. Brýnt er að tryggja öllum íbúum landsins  
68 jöfn tækifæri og jafnan lagalegan rétt án tillits til uppruna. Gildir þetta jafnt um vinnumarkað,  
69 borgaraleg réttindi, möguleika til náms sem og þátttöku í stjórnámálum. Brýnt er að ráðast í  
70 viðeigandi aðgerðir gegn mismunun á íslenskum vinnumarkaði á grundvelli uppruna. Inngilding í  
71 íslenskt samfélag á að vera meginstef á öllum sviðum. Viðreisn vill rýmka kosningarétt, rýmka  
72 atvinnu- og dvalarréttindi fólks utan EES-svæðisins og auka rétt útlendinga sem stunda hér nám  
73 til að setjast að á Íslandi að námi loknu. Viðreisn vill umhverfi sem hvetur fólk af erlendum  
74 uppruna til festa hér rætur.

75 Viðreisn leggur áherslu á að samin verði heildstæð aðgerðaráætlun í málefnum fólks af  
76 erlendum uppruna sem hefur annað móðurmál en íslensku, samhliða mótun innflytjendastefnu.  
77 Við þá vinnu skal m.a. horfa til Kanada við útfærslu enda hafi landið náð góðum árangri hvað  
78 móttöku og inngildingunni innflytjenda varðar.

79 Einfalda þarf stjórnarsýslu innflytjendamála og koma á samstarfsvettvangi ríkis, sveitarfélaga og  
80 atvinnulífs til að samræma móttöku innflytjenda svo styrkja megi fólk af erlendum uppruna til  
81 þátttöku í samfélaginu, út frá hugmyndafræði inngildingar, og meta þörf á aðfluttu vinnuafli  
82 hverju sinni. Stefna skal að birtingu og árlegri uppfærslu „Já-lista“ starfsgreina og munu  
83 umsækjendur um dvalar- og atvinnuleyfi sem uppfylla skilyrði hans fá sérstakan forgang.

84 Tryggja þarf að innflytjendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fái viðeigandi  
85 tækifæri og stuðning, svo forsendur til náms og atvinnu verði jafnari. Gera þarf bragarbót á því  
86 hvernig menntun erlendis frá er metin og tryggja aðgengi nýbúa að raunfærnimati svo að  
87 þekking og hæfni þeirra nýtist þeim og samfélaginu sem best. Tryggja þarf að hópurinn geti  
88 fengið staðfest mat á menntun þeirra erlendis frá áður en flutt er til Íslands. Viðreisn leggur  
89 áherslu á uppbyggingu túlkþjónustu í ljósi mismunandi aðstæðna fólks.

90 Íslenskukennsla er mikilvæg grunnstoð sem öll eiga rétt á. Sérstaka áherslu skal leggja á  
91 stuðning og eftirfylgni með börnum og ungmennum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Huga  
92 þarf að fjölbreyttum leiðum til að kenna fullorðnum og börnum íslensku og hvetja skal fyrirtæki til  
93 að bjóða upp á íslenskukennslu á vinnutíma.

94 Viðreisn leggur áherslu á mannúðlega stefnu í málefnum flóttafólks og umsækjenda um  
95 alþjóðlega vernd. Ísland skal leggja sitt af mörkum til þróunarsamvinnu, mannúðar- og  
96 neyðaraðstoðar, sem og móttöku flóttafólks. Með mannréttindi og mannúð að leiðarljósi ætti  
97 Ísland að setja fordæmi í málefnum flótta- og farandfólks sem hingað leitar í von um betra líf.  
98 Veita skal flóttafólki og hælisleitendum mannsæmandi skjól og endurskoða þau búsetuúrræði  
99 sem standa þeim til boða. Hópnum þarf að tryggja réttindi til náms, vinnu og þjónustu hér á  
100 landi, svo það geti búið sér betra líf og tekið virkan þátt í samfélaginu.

## 101 **Mannréttindi eru grundvöllur fjölbreytts mannlífs**

102 Á Íslandi er fjölbreytt mannlíf sem standa þarf vörð um. Tryggja skal mannréttindi og virðingu  
103 fyrir öllum.

104 Huga skal að upplýsingaöryggi og vernd persónuupplýsinga við geymslu og dreifingu gagna.

105 Með breytingum á stjórnarskrá skal tryggja jöfnun atkvæðavægis og einnig jafnræði meðal trú-  
106 og lífsskoðunarfélaga með fullum aðskilnaði ríkis og kirkju. Ríkið leggi af úthlutun sóknargjalda  
107 og hætti skráningu trúar- og lífsskoðana. Skerpa þarf á þrískiptingu ríkisvaldsins með aukinni  
108 aðgreiningu valdpáttu og þannig auka tiltrú fólks á dómstólum og löggjafanum.

109 Styðja þarf fanga til að hefja nýtt líf að lokinni afplánun, með stuðningi og sjálfseflingu á meðan  
110 á afplánun stendur og að henni lokinni. Sérstaklega skal hlúð að ungum brotamönnum. Þá eiga  
111 börn ekki heima á sakaskrá. Huga þarf að öðrum leiðum fyrir börn sem gerast brotleg við lögin,  
112 til að mynda með aukinni áherslu á sjálfseflingar- og forvarnarúrræði.

113 Líta skal á misnotkun vímuefna sem heilbrigðismál. Viðreisn vill að skref verði tekin í átt að  
114 lögleiðingu vímuefna. Afglæpavæðing sé rökrétt fyrsta skref í þá átt. Með lögleiðingu vímuefna  
115 mætti betur tryggja öryggi neytenda. Þegar athæfið er ekki refsivert er aukinn hvati til að leita  
116 sér aðstoðar, auk þess sem viðskipti með vímuefni færu síður fram á forsendum skipulagðra  
117 brotahópa. Áhersla skal lögð á skaðaminnkandi úrræði fyrir notendur vímuefna, til að mynda  
118 með opnun neyslurýma.

119 Refsistefna í málefnum kynlífsverkafólks og þolenda vændis, sem er skaðleg þeirra  
120 hagsmunum, er úrelt og síður til þess fallin að tryggja öryggi. Brýnt er að stjórnvöld tileinki sér  
121 skaðaminnkandi aðferðafræði í málaflokknum, ásamt því að efla félagsleg úrræði til stuðnings  
122 kynlífsverkafólki og þolenda vændis. Tryggja þarf þolendum mansals fullnægjandi stuðning og  
123 réttarvernd.

124 Það er grunnskylda ríkisins að tryggja öryggi fólksins í landinu. Löggæsla er mikilvæg þjónusta  
125 við almenning. Biðlistar í réttarkerfinu eru óboðlegir. Þolendur og samfélagið allt á rétt á því að  
126 lögregla, ákærvald og dómstólar hafi burði til að vinna hraðar úr málum.

## 127 **Greiðum fólki leið að húsnæði**

128 Lækka skal kostnað við nýbyggingar með einföldun regluverks. Þar má líta til ráðlegginga  
129 OECD. Lóðaúthlutanir sveitarfélaga skulu tryggja framboð og jafna sveiflur á húsnæðismarkaði.  
130 Hvetja ætti til að eldri íbúðir séu gerðar upp eða þeim skipt upp í stað þess að rífa alltaf og  
131 byggja nýtt.

132 Meginþorri húsnæðisuppbyggingar á að eiga sér stað á markaðsforsendum. Við uppbyggingu  
133 óhagnaðardrífins húsnæðis þarf huga að því að hún eigi sér stað um allt land að félagslegur  
134 hreyfanleiki sé tryggður. Jafna þarf mun á húsnæðisstuðningi til eigenda og leigjenda. Viðreisn  
135 styður ekki hugmyndir um leigupak.

136 Viðreisn vill gera nauðsynlegar breytingar á reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat til að  
137 auðvelda fólki á leigumarkaði að kaupa sér íbúðarhúsnæði til eigin nota. Skulu reglurnar taka  
138 mið af því að hafi kaupandi staðið skil á leigu fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt þinglýstum  
139 leigusamningi í 12 mánuði eða lengur teljist greiðslugeta hans samsvara sambærilegri fjárhæð á  
140 mánuði og hann hefur greitt á tímabilinu.